

2002 nr. 38 16. apríl**Lög um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröflu-virkjunar**

Tóku gildi 7. maí 2002. *Breytt með* l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

Landsvirkjun er heimilt að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Fljótsdal með allt að 750 MW afli ásamt aðalorkuveitum og virkja til þess vatnsföllin Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal í tveimur áföngum (Kárahnjúkavirkjun).

Í fyrri áfanga er Landsvirkjun heimilt að reisa þrjár stíflur við Fremri-Kárahnjúka (Kárahnjúkastíflu, Desjarárstíflu og Sauðárdalsstíflu), veita Jökulsá á Brú frá miðlunarlóni (Háslóni) um aðrennslisgöng undir Fljótsdalsheiði að stöðvarhúsi, reisa stöðvarhús neðan jarðar í Fljótsdal með frárennli eftir göngum og skurði út í farveg Jökulsár í Fljótsdal, í samræmi

við uppdrátt í viðauka, svo og að reisa önnur mannvirki vegna virkjunarinnar.

Í síðari áfanga er Landsvirkjun heimilt að reisa stíflu í farvegi Jökulsár í Fljótsdal (Ufsarstíflu), veita ánni ásamt vatni af Hraunum inn í aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar á Fljótsdalsheiði í samræmi við uppdrátt í viðauka og reisa önnur mannvirki vegna virkjunarinnar.

Leyfið fellur úr gildi 10 árum eftir gildistöku laga þessara ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir gildistöku laganna ef virkjunin er þá ekki komin í rekstur.

■ 2. gr.

[Ráðherra]¹⁾ er heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Kröfluvirkjun í allt að 220 MW ásamt aðalorkuveitum, enda liggja fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

¹⁾ L. 126/2011, 341. gr.

■ 3. gr. . . .**■ 4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðauki. . . .¹⁾

¹⁾ Sjá Stjóð. A 2002, bls. 85.